

3. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn mánudaginn 13. janúar 2020, kl. 16.30-18.00 á Skype.

Mættar: Ingibjörg Elsa, Jónína, Aníta, Eygló, Guðrún Edda og Jenna.

Dagskrá:

1) Fundargerð síðasta fundar

Aníta las fundargerð síðasta fundar og hún var samþykkt.

2) Uppgjör á ráðstefnu

Tveir styrkir voru teknir út úr uppgjörinni vegna ráðstefnunnar þar sem landssambandið hafði sótt um þessa styrki og landssambandið fékk styrkinn. Engin athugasemd hefur borist vegna þessa frá alþjóðastjórninni. Í kjölfarið höfum við 500.000,- til ráðstöfunar sem Ingibjörg leggur til að verði nýtt til þeirra sem lögðu ráðstefnunni lið, sérstaklega til þeirra sem komu utan að landi keyrandi eða fljúgandi. Ingibjörg tekur saman lista yfir þær konur sem komu að starfi nefnda utan að landi. Hún leggur þann lista fyrir stjórnina.

3) Vorþingið 9. maí – viljum við hafa áhrif á þema þingsins?

Menntamálanefnd er að hefja vinnu við dagskrá vorþings. Nefndin hafði samband til þess að athuga hvort stjórn landssambandsins vildi hafa áhrif á þema þingsins. Hugmynd hvort ekki væri gott að nefndin hefði áhersluatriði úr starfsáætlun stjórnarinnar til hliðsjónar. Guðrún Edda nefnir skólaráðstefnu sem haldin er í Reykjavík á öskudaginn, hún ætlar að hafa í huga hvort einhver fyrirlesari þar gæti átt erindi á vorþingið. Rætt um að hafa í huga að þátttakendur á þinginu fái tækifæri til samræðu. Ingibjörg mun heyra í Ingileif og ræða þessa punkta.

4) Endurskoðun laga og reglugerðar DKG á Íslandi

Ingibjörg kynnir verklag sem ákveðið hefur verið í samráði við laganeftnd.

5) Námsstyrkjanefnd – endurskoðun reglna

Jónína sendir póst til nefndarinnar og spyr hvenær vinna hefst við endurskoðun reglnanna.

6) Endurskoðun handbókar

Aníta les tölvupóst frá Eyðísi, í Félaga- og útbreiðslunefnd, þar sem hún spyr um verklag nefndarinnar, m.a. varðandi endurskoðun handbókar. Tölvupósturinn áframsendur til Ingibjargar Elsu sem mun tala við Eyðísi varðandi málið. Rætt að mikilvægt sé að hafa konur með í vinnunni sem hafa þekkingu á handbókinni. Eygló mun vinna að endurskoðun fyrir hönd stjórnar og einnig á að athuga hvort Sigrún Klara vilji starfa að endurskoðuninni.

7) Gátlistar með handbók

Gátlistarnir eru ekki til. Umræður um mikilvægi þess að útbúa gátlistana, setja þá á vefinn og þegar þeir eru tilbúnir er mikilvægt að formenn viti af þeim og nýti sér þá.

8) Gátlisti fyrir formenn

Ingibjörg og Aníta ákveða að vinna að þessu í lok febrúar þegar Aníta verður í vetrarfríi í Reykjavík.

9) Nefndarstarfið

Starf nefnda rætt og staða tekin. Aníta hefur samband við félaga- og útbreiðslunefnd vegna félagatals. Allar nefndir komnar af stað.

10) Verkáætlun stjórnar

Farið yfir verkáætlunina og staðan tekin.

11) Önnur mál

- a. Framkvæmdaráðsfundur vegna 10 ára áætlunar

Rætt um að færa fundinn fram á vorið þann 8. maí og tengja hann jafnvel við vorþingið. Hugmyndinni vel tekið.

- b. Næsti stjórnarfundur
Fundur ákveðinn þriðjudaginn 18. febrúar kl. 17-18
- c. Samstarfið við Soroptimista
Viðburðinum var frestað um viku og ný tímasetning hentaði illa.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir